

Mál nr. 34/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila: (V1) og (V2)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækja.

Skráningarnúmer ökutækja: A og B

### Sakarmat. Biðskylda. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 31. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V1, dags. 17. febrúar 2022.
3. Bréf V2, dags. 25. febrúar 2022, ásamt myndum af vettvangi.
4. Bréf M, dags. 6. mars 2022.
5. Tölvupóstur V2, dags. 7. mars 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B á gatnamótum Syðri-Reykjavegar og Biskupstunguvegar hinn 4. janúar 2022. Bifreið A er váttryggð hjá V1 og bifreið B hjá V2. Aðdragandi áreksturs er sá að ökumaður bifreiðar A ók eftir Syðri-Reykjavegi með fyrirhugaða akstur Stefnu inn á Biskupstungnabraut þar sem bifreið B var ekið vestur Biskupstungnabraut. Í lögregluskýrslu kemur fram að biðskylda sé af Syðri-Reykjavegi inn á Biskupstungnabraut og sé hún mörkuð með umferðarskilti og ámálaðri stöðvunarlínu. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa stöðvað við biðskyldu þegar bifreið B hafi komið á nokkrum hraða eftir Biskupstungnabraut og ekið á bifreið A. Í framburði ökumanns bifreiðar B kemur fram að hann hafi ekið vestur Biskupstungnabraut þegar hann hafi tekið eftir bifreið A á Syðri-Reykjavegi og telur hann þá bifreið ekki hafa stöðvað við biðskyldumerki og línu við gatnamótin heldur hafi framendi bifreiðarinnar verið alveg við hliðarlínu Biskupstungnabrautar. Ökumaður bifreiðar B kvaðst hafa fært bifreið sína til vinstri á akbrautinni þegar hann var að aka framhjá gatnamótunum hafi bifreið A eins og horfið undir bifreið B og síðan hafi hann fundið smell og séð að bifreið A var komin þvert á akbraut Biskupstungnavegar og þegar hann stöðvaði bifreið sína það hafi verið lítils háttar ákoma á hægra framhjóli bifreiðar B.

M telur að ökumaður bifreiðar B beri ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hafi ekið of hratt, eða á 90 km/klst þar sem hámarks hraði hafi verið 70 km/klst vegna vegaförkvæmda. M telur að áreksturinn megi rekja til þess að ökumaður bifreiðar B hafi misst stjórn á bifreiðinni vegna hraða og aðstæðna og ekið utan í framstuðara bifreiðar A sem hafi við það hengt til hægri. M telur bifreið A hafa verið kyrrstæða og vísar til ummæla ökumanns bifreiðar B í lögregluskýrslu um að bifreiðin hafi verið kyrrstæð, auk þess sem brak úr bifreið A hafi verið innan hliðarlínu eftir áreksturinn.

V1 gerir engar athugasemdir til nefndarinnar, en í bréfi V2 kemur fram að félagið telji ökumann bifreiðar A bera ábyrgð á árekstrinum þar sem sá ökumaður hefði átt að veita bifreið B forgang við akstur um Biskupstungnabraut, sbr. 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. V2 vísar til þess að brak af bifreið A hafi skv. myndum dreifst sitt hvoru megin við kantlínu akbrautar um Biskupstungnabraut eftir áreksturinn og að það liggja beinast við að áreksturinn hafi orðið við þá kantlínu en ekki við biðskyldumerki eða málaðar yfirborðsmerkingar sem séu um fjóra metra frá kanti Biskupstungnabrautar. V2 bendir á að bifreið B hafi verið ekið um mjóan veg og að ekki hafi verið sýnt með fullnægjandi hætti að aksturslag hans hafi verið þannig að skapað hafi hættu.

Álit.

Eins og kemur fram í 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga ber þeim sem ekur inn á veg veita umferð forgang ef það er gefið til kynna með umferðarmerki um biðskyldu. Sú skylda hvíldi ótvírætt á ökumanni bifreiðar A gagnvart bifreið B. Í 1. mgr. 4. gr. sömu umferðarlaga kemur auk þess fram að vegfarandi skuli sýna tillitssemi og varúð svo að eigi leiði til hættu eða valdi tjóni eða óþægindum og þannig að eigi trufla eða tefji umferð að óþörfu. Sú aðgæsluskylda hvílir eðli málsins samkvæmt á báðum ökuöðnum. Í þessu máli er ágreiningur um hvort ökumaður bifreiðar A hafi ekið inn á Biskupstungnabraut í veg fyrir bifreið B eða hvort bifreið B hafi verið ekið utan í bifreið A inni á Syðri-Reykjavegi og ökumaður bifreiðar A hafi við þann akstur virt biðskyldu.

Í skýrslu lögreglu kemur ekki fram að bifreið B hafi verið ekið hraðar en hámarkshraða og ekki er fjallað sérstaklega um mögulegar vegaf framkvæmdir á vettvangi. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið á 70-80 km/klst hraða í aðdraganda áreksturs og hafa reynt að beygja til vinstri þegar hann nálgast gatnamót við Syðri-Reykjaveg. Af myndum af vettvangi verður ráðið að einhver fjarlægð er frá biðskyldumerki að akbraut um Biskupstungnabraut og að brak úr bifreið A hafi verið við akbrautina. Verður af þeim gögnum ekki annað ráðið en að ökumaður bifreiðar A hafi staðsett bifreið sína það nærri akbraut Biskupstungnabrautar að það standi henni nær að sýna fram á að biðskylda hafi verið virt í skilningi 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga, en að ökumaður bifreiðar B þurfi að sýna fram á að hann hafi ekki ekið út af akbrautinni og á bifreið A. Hallann af sönnunarskorti, um að aksturslag ökumanns bifreiðar B hafi verið með þeim hætti eða með öðrum hætti gáleysislegt vegna staðsetningar á vegi eða ökuhraða, ber ökumaður bifreiðar A sem telst því bera alla sök á árekstrinum m.v. fyrirbyggjandi gögn.

**Niðurstaða.**

Öll sök á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík, 29. mars 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir